



Borgarráð

Viljayfirlýsing við Veitur ohf. vegna færslu lagna á lóðinni Lágmúla 2

Óskað er eftir því að borgarráð samþykki viljayfirlýsingu milli Reykjavíkurborgar og Veitna ohf.

Greinargerð

Tilgangur viljayfirlýsingarinnar er að hefja undirbúning verkefnis sem felst í færslu á stofnlögn fráveitu sem liggur um lóðina við Lágmúla 2 vegna uppbyggingaráforma á lóðinni og fyrirhugaðra breytinga á deiliskipulagi. Þegar frumkostnaðaráætlun og forhönnun liggja fyrir verður gert sérstakt samkomulag um framkvæmd verkefnisins sem byggir á kostnaðarskiptingu eins og henni er lýst í viljayfirlýsinguinni. Lagnaleiðin um lóðina er tæplega 100 metrar. Sé miðað við sambærileg verkefni má ætla að kostnaður verði 1,5-2 m.kr. á metra, en kostnaður gæti orðið enn hærri í ljósi óvissupáttá sem munu skýrast þegar frumkostnaðaráætlun og forhönnun liggur fyrir. Miðað við þær forsendur gæti kostnaðarpáttaka borgarinnar verið um 150-200 m.kr.

Ívar Örn Ívarsson

Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Hjálagt:

1. Óundirrituð viljayfirlýsing.

Undirritaðir aðilar, annars vegar Veitur ohf., kt. 591213-0160, Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík, („Veitur“) og hins vegar Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, Ráðhúsinu, Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík, („Reykjavíkurborg“) (í sameiningu nefndir „aðilar“), gera með sér eftirfarandi

viljayfirlýsingu vegna færslu lagna á lóð Lágmúla 2

1. gr.

Tilurð viljayfirlýsingarinnar er beiðni frá Reykjavíkurborg um færslu á stofnlögn fráveitu sem liggur um lóðina við Lágmúla 2, landeignanúmer L180381, vegna uppbyggingaráforma á lóðinni og fyrirhugaðra breytinga á deiliskipulagi. Lögnin sem um ræðir er 1200 millimetra stofnlögn í fráveitu. Stærstur hluti lagnarinnar er frá árinu 1960 en hluti hennar sem liggur í vegöxl Kringlumýrarbrautar er frá árinu 2003. Lögnin er auðkennd með grænum línum á mynd 1.

Tilgangur viljayfirlýsingarinnar er að hefja undirbúning verkefnisins, forhönnun þess og gerð frumkostnaðaráætlunar til þess að hægt sé að taka næstu skref í verkefninu.

Þegar frumkostnaðaráætlun og forhönnun liggja fyrir verður gert sérstakt samkomulag um framkvæmd verkefnisins sem byggir á kostnaðarskiptingu eins og hún kemur fram í þessari viljayfirlýsingu.

2. gr.

Aðilar eru sammála um að um verkefnið muni gilda samkomulag um kostnaðarskiptingu vegna færslu lagna þar sem kostnaðarskipting er reiknuð út frá aldri lagna og afskriftum. Eftir frumskoðun liggur fyrir að færa þurfi eftirfarandi lagnir og sé miðað við aldur þeirra, má reikna með að kostnaðarskipting verði með eftirfarandi hætti:

	Hlutdeild Veitna	Hlutdeild Reykjavíkurborgar
Stofnlögn fráveitu	64%	36%
Hitaveitulagnir frá 1964	84%	16%
Hitaveitulagnir frá 2003	22%	78%

Hlutdeild mun uppfærast miðað við raunaldur lagna við upphaf framkvæmda.

Raunkostnaður verkefnisins er skilgreindur sem allur kostnaður sem hefur og mun falla til vegna verkefnisins, þ.m.t. hönnunarkostnaður, áætlanir, leyfismál, efniskostnaður, verkkostnaður, og umsjónar- og eftirlitskostnaður.

Verkefnið hefur ekki farið í forhönnun og kostnaður því ófyrirséður. Miðað við sambærileg verkefni má gera ráð fyrir að kostnaður við færslu stofnlagnarinnar sé 1,5-2 m.kr. á meter en kostnaður gæti orðið enn hærri í ljósi óvissuþátta sem munu skýrast þegar frumkostnaðaráætlun og forhönnun liggur fyrir.

3. gr.

Eftir undirritun þessarar viljayfirlýsingar munu Veitur láta forhanna framkvæmd verkefnisins og ljúka gerð frumkostnaðaráætlunar. Þegar frumkostnaðaráætlun og forhönnun liggur fyrir mun Reykjavíkurborg ljúka gerð deiliskipulags á lóðinni.

Þegar aðilar hafa lokið framangreindu skal gengið frá samkomulagi um ábyrgðar- og kostnaðarskiptingu vegna verkefnisins. Slíkt samkomulag skal undirritað áður en verkframkvæmdir fara í útboð.

Komi til þess að Reykjavíkurborg hætti við verkefnið skal Reykjavíkurborg greiða allan þann kostnað sem sannanlega hefur fallið til vegna verkefnisins.

4. gr.

Veitur vekja athygli á því að stofnlögnin sem um ræðir þarfnast mögulegrar færslu vegna frekari skipulagbreytinga á öðrum reitum frá Kringlureit að Suðurlandsbraut.

Reykjavíkurborg skal áður en hönnun hefst, upplýsa Veitur um frekari breytingar á skipulagi eða áform uppbyggingaraðila sem gætu haft áhrif á legu stofnlagnarinnar vegna mikilvægi þess að ný lega lagningar sé hönnuð í heild sinni.

Reykjavíkurborg skuldbindur sig til að hafa Veitur með í ráðum í samningum sínum við lóðarhafa, þ.m.t. í tengslum við undirbúning framkvæmda, kostnað og tímaáætlanir.

Þessi viljayfirlýsing er rafrænt undirrituð.

F.h. Reykjavíkurborgar: Ívar Örn Ívarsson.

F.h. Veitna ohf.: Jón Trausti Kárason.



Mynd 1.